

**Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]**

um niðurfellingu gjalda af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir nauðsynlegum laga-breytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi).

**Greinargerð.**

Það mun í flestum tilvikum ríkjandi hefð að fella niður gjöld til ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætanalegt. Hið ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum, sem nú eru ýmist í gangi eða mjög í athugun, til að nota innlendan hitagjafa og láta hann leysa dýran, innfluttan hitagjafa (olíuna) sem víðast og mest af hólmi.

Venjulegast mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórn eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema 1—2 umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituf framkvæmdir nú. Þegar eru í gangi hitaveituf framkvæmdir á Suðurnesjum, Suðureyri við Súgandafjörð, á Siglufirði og í þéttbýli Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, en fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmsar fleiri vafalaust innan tíðar. Það gefur því auga leið, að afar mikilsvert er, að Alþingi marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin, hvort frammanefnd gjöld eru felld niður eða ekki.

Þegar á það er horft, að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, hafandi bundna tekjustofna, verður það tæpast talið ósanngjarnt, að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi, sem hér er greint, lítandi á að engar yrðu ríkistekjur af framkvæmdunum, geti sveitarfélögin ekki ráðist í þær.